

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 105/97
frá 17. desember 1997**

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) og XIV. viðauka (Samkeppni)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var
aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er
nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XI. og XIV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-
nefndarinnar nr. 25/95 frá 19. maí 1995⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/2/EB frá 16. janúar 1996 um breytingu á
tilskipun 90/388/EBE að því er varðar farsíma- og einkafjarskipti⁽²⁾ skal felld inn í
samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 3. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar
90/388/EBE) í XI. viðauka við samninginn:

„- **396 L 0002:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/2/EB frá 16. janúar 1996
(Stjtið. EB nr. L 20, 26. 1. 1996, bls. 59).“.

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 13. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar
90/388/EB) í XIV. viðauka við samninginn:

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 251, 19. 10. 1995, bls. 31 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 39, 19. 10. 1995 bls. 1.
⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 20, 26. 1. 1996, bls. 59.

„- **395 L 0002:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/2/EB frá 16. janúar 1996 (Stjtið. EB nr. L 20, 26. 1. 1996, bls. 59).“.

Ákvæði tilskipunar 96/2/EB skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Á Íslandi skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun 96/2/EB koma til framkvæmda frá 1. janúar 1998, með fyrirvara um að skilyrði fyrir leyfisveitingu í framtíðinni verði gerð opinber fyrir þann tíma.“.

3. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 96/2/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 18. desember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 17. desember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Bull

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

